

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Félagsheimilinu Árnesi
801 SELFOSSI
skeidgnup@skeidgnup.is

Selfossi 4. júní 2025

Efni: Skipulag skógræktar – leiðbeiningar um val á landi til skógræktar

Inngangur

Á undanförunum misserum hafa verið sett fram stórtæk áform um að auka skógrækt hér á landi. Þessum áformum er það yfirleitt sameiginlegt að þau eru sett fram sem aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Fyrir liggur áhugi og vilji erlendra aðila til að hefja stórfellda skógrækt hérlandis í þeim tilgangi. Með nútíma vélvæðingu við jarðvinnslu og gróðursetningu er víða hægt að ná miklum afköstum í skógrækt.

Því er að mörgu að hyggja í þessum efnum fyrir sveitarstjórnir sem fara með skipulagsvald hver á sínu svæði því þau veita framkvæmdaleyfi til skógræktar. Hins vegar sýnir reynslan að alltof víða hafa verið veitt leyfi til skógræktar sem skaða verulega líffræðilega fjölbreytni og er í andstöðu við alþjóðlega samninga. Mikilvægt er að átta sig á að ræktun skóga gerbreytir ásýnd lands og þeim vistkerfum sem fyrir eru. Þetta á ekki síst við um skóga með hávöxnum framandi tegundum eins og alaskaösp, sitkagreni og stafafuru.

Samband íslenskra sveitarfélaga benti nýlega á að mikilvægt sé að sveitarfélög hafi góðan aðgang að fræðslufni með skýrum leiðbeiningum um hvaða kröfur skógræktarverkefni þurfi að uppfylla til að fá leyfi og hvaða sérfræðipækkingu þau geti sótt í til að geta tekið upplýstar ákvarðanir um áhrif skógræktar á náttúru, loftslag og aðra þætti.

Félagið Vinir íslenskrar náttúru, VÍN, hefur frá árinu 2023 unnið að því með aðstoð allmargra sérfræðinga að útbúa leiðbeiningar fyrir hagaðila um val á landi til skógræktar. Við höfum nú birt leiðbeiningarnar á vefsíðu félagsins undir heitinu Rétt tré á réttum stað.

Val á landi til skógræktar

Leiðbeiningar VÍN um val á svæðum til skógræktar byggja á mati á verndargildi nokkurra grunnþátta í náttúru og sögu landsins. Við mat á svæðum þarf að líta til þess að verndargildi er metið m.t.t. ólíkra viðfanga, s.s. vistkerfa, tegunda, jarðmyndana og landslags. Það þarf því að skoða samverkan þessara þátta innan hvers svæðis og milli svæða innanlands en einnig með tengingu við umheiminn, þ.e. alþjóðlegt mikilvægi. Í þessu sambandi ber sérstaklega að taka mið af 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd þar sem rakin eru verndarmarkmið fyrir annars vegar vistgerðir, vistkerfi og tegundir og hins vegar fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.

Til að tryggja að tegundir nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum þarf að vernda náttúruleg búsvæði þeirra. Þetta er eitt af grunnmarkmiðum laganna til að vernda líffræðilega fjölbreytni, en

gildir ekki um framandi tegundir hvort sem um er að ræða ágengar tegundir eða ekki. Almennt vinna framandi tegundir gegn ofangreindum markmiðum. Við framangreint bætist að vernda skal menningarminjar og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða eins og segir í lögum um menningarminjar.

Vefsjá VÍN

Á vefsjánni nýtum við meðal annars vistgerðakort Náttúrfræðistofnunar sem verkfæri til að skoða það land sem fyrirhugað er að taka til skógræktar – hvaða vistgerðir séu þar til staðar og hvert verndargildi þeirra sé. Við gerum okkur vel grein fyrir að vistgerðakortið er ekki alltaf nákvæmt og leggjum til í leiðbeiningunum að í leyfisveitingarferlinu verði ávallt sannreynt hvort vistgerðakortið gefi rétta mynd af fyrirhuguðu skógræktarsvæði.

Á vefsjánni birtum við einnig kort af mikilvægum fuglasvæðum, friðlýstum svæðum, náttúrurminjum, fornminjum, framræsluskurða kerfi landsins, hverum og fossum og aðgengilegt kort til að afmarka skógræktarsvæði. Ennfremur eru þar ítarlegar leiðbeiningar til skógræktenda um hvernig megi rækta skóg í sátt við náttúru landsins

Í ljósi ábyrgðar sveitarstjórna, þykir VÍN eðlilegt að vísa skógræktarfólki, skógræktarfyrirtækjum og sveitarfélögum til Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Minjastofnunar Íslands og náttúrustofa í samræmi við þeirra hlutverk í lögum um náttúru- og minjavernd um ráðgjöf og leiðbeiningar um hvar unnt sé að stunda skógrækt í sátt við náttúru landsins. Rétt er að benda á að leit eftir ráðgjöf skuli hefjast áður en hin eiginlegu lögbundnu ferli fara af stað svo sem umsagnarferli og leyfisveitingar. Það flýtir fyrir afgreiðslu sveitarstjórna. VÍN vonast til að með þessu verklagi og með upplýstum ákvörðunum sveitarstjórna verði hægt að draga úr þeim neikvæðu breytingum sem eru að verða á náttúru landsins vegna óheftrar skógræktar.

Samkeppni um land

Neðan 300 m, þar sem skógræktarskilyrði eru hvað best, er vaxandi samkeppni um land. Þar er nær allt ræktað land sem til er, þéttbýli, frístundabyggð og helstu samgöngumannvirki. Þar eru einnig svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, svo sem votlendi, nútímahraun og hverasvæði og búsvæði margra fuglategunda sem við Íslendingar, samkvæmt alþjóðasamningum, berum ábyrgð á.

Víðsýni er verðmæt náttúruauðlind

Það má fullyrða að Íslendingum almennt þykir mikils um vert að það sé vítt til veggja hér á landi enda er útsýnið oft stórkostlegt. Erlendir ferðamenn sækja í auknum mæli í að njóta íslenskrar náttúru. Ferðaþjónusta er nú ein af þremur mikilvægustu atvinnugreinum á Íslandi. Hlutdeild hennar í þjóðarframleiðslu er um 25%. Vegna ómengaðs og hreins lofts er útsýnið á Íslandi einstakt og líklega er víðsýni ein vanmetnasta auðlind landsins. Síðbreytilegt útsýni innan sama dags, milli daga, milli árstíða og landshluta er meðal annars það sem erlendir ferðamenn sækja í að upplifa.

Því miður eru líkur á að ef áform um sívaxandi skógrækt á Íslandi ganga skipulagslítið eftir muni víðsýni á landinu minnka. Með tímanum mun landslag taka gagngerðum umskiptum og líkjast

sífelld meir landslagi annarra landa í barrskógabeltinu. Því þarf að hafa í huga hvernig fyrirhuguð skógrækt muni breyta ásjáð lands og útsýni.

Þá þarf að huga sérstaklega að því hvort trén muni valda því að snjór safnist við vegi og hindra þannig umferð og auka kostnað við snjómokstur, auk þess sem tré geta beinlínis verið hættuleg umferð, t.d. þar sem þau byrgja sýn við gatnamót. Langtímasjónarmið þurfa að vera regla þegar unnið er að skipulagi lands.

Áberandi mistök við staðsetningu skóga eru þegar til staðar

Á undanförunum áratugum hefur útsýni af vegum við fjölsóttu ferðamannastaði og til áhugaverðra kennileita í landslagi víða verið skert með því að trjám hefur verið plantað á röngum stöðum. Staðan þar mun einungis fara versnandi jafnvel þótt ekki verði við bætt.

Mikilvægt að læra af reynslunni

Reynsla síðustu ára hér á landi og erlendis bendir til þess að trjátegundir sem notaðar eru í stórum stíl í skógrækt, eins og sitkagreni og þó sérstaklega stafafura, geti reynst ágengar og verði illviðráðanlegar þegar tímar líða. Víða erlendis svo sem í Noregi, Skotlandi og alveg sérstaklega á Nýja Sjálandi hefur verið farið í kostnaðarsamar aðgerðir til að fjarlægja sitkagreni og furuskóga af stórum landsvæðum. Val á tegundum til skógræktar er því afar mikilvægt og ber að hafa varúðarregluna að leiðarljósi. Öllu máli skiptir að vernda eðlilega framþróun náttúrulegs lífríkis og sérkenni íslensks landslags, mikilvægar jarðmyndanir og menningarminjar.

Lokaorð

Þeim sem fara með skipulagsmál er falin mikil ábyrgð og ákvarðanir þeirra ráða miklu um hvernig vistkerfi og ásjáð landsins mun mótast til framtíðar. Hér að ofan eru dregin saman nokkur atriði sem við hjá Vinum íslenskrar náttúru viljum vekja athygli á. Við leggjumst ekki gegn skógrækt en teljum mikilvægt að menn átti sig á því að með stórfelldri skógrækt, einkum með framandi hávöxnum trjátegundum, er verið að gerbreyta íslenskri náttúru. Þar skiptir skipulagning gríðarlega miklu máli og að þar sé unnið af vandvirkni og með langtímasjónarmið í huga. Einkunnarorð þessara leiðbeininga okkar eru: Rétt tré á réttum stað.

Samrit er sent öllum sveitarstjórnunum landsins.

F.h. stjórnar Vina íslenskrar náttúru,



Sveinn Runólfsson, formaður.

Vinir íslenskrar náttúru

c/o Sveinn Runólfsson
Tröllhólum 39
800 Selfossi

sveinnrun@gmail.com